



**Austurbrú ses. – 16. stjórnarfundur
haldinn þriðjudaginn 16. apríl 2013
í Gunnarshúsi að Skriðuklaustri**

Mættir: Valdimar O. Hermannsson, Sverrir Mar Albertsson, Þórunn Eymundardóttir, Skúli Björn Gunnarsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Sigrún Blöndal og Rögnvaldur Ólafsson ásamt Karli Sölva Guðmundssyni framkvæmdastjóra. Jafnframt kom Anna Dóra Helgadóttir fjármálastjóra inn á fundinn undir 3. dagskrárlið.

Dagskrá:

1. Fundargerðir stjórnar og framkvæmdaráðs
2. Samþykkt um verklagsreglur og fundarsköp stjórnar
3. Fjármál Austurbrúar
4. Skýrsla framkvæmdastjóra – staða mála, samningar, fundir o.fl.
5. Aðkoma Austurbrúar að Húsi handanna (Upplýsingamiðstöð/Þorpið)
6. Ársfundur Byggðastofnunar, Menningarlandið, Breiðdalssetur o.fl.
7. Ársfundur Austurbrúar
8. Önnur mál
 - Ákveða næsta stjórnarfund
 - Upplýsingar og kynning á Austurbrú

Formaður setti fund kl. 15.40 og óskaði Skúla Birni f.h. Gunnarsstofnunar til hamingju með stofnun Menningarsjóðs Gunnarsstofnunar sem ráðherra mennta- og menningarmála staðfesti með undirskrift sinni við athöfn á undan fundinum. Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð stjórnar staðfest og undirrituð

Fundargerð 15. stjórnarfundar staðfest með undirritun. Búið var að senda hana og samþykka eftir síðasta fund í tölvupósti.

2. Samþykkt um verklagsreglur og fundarsköp stjórnar

Skúli Björn kynnti lokadrög að samþykktum um verklagsreglur og fundarsköp stjórnar og þær athugasemdir sem Jón Jónsson lögmaður gerði við þær. Samþykkt að vísa samþykktunum til starfsháttanefndar ásamt þeim athugasemdum og Skúla Birni falið að koma þeim til nefndarinnar.

Salkh
A.S. RÓSA
F. S.

3. Fjármál Austurbrúar – yfirlit og staða kynnt

Anna Dóra fjármálastjóri kom inn á fundinn og kynnti nýjustu drög að rekstrarreikningi 2012. Til stóð að drög að ársreikningi yrðu tekin fyrir en þau voru ekki tilbúin fyrir fundinn frá endurskoðanda. Ljóst er að halli er nokkuð nærri því sem áætlað var en þó heldur meiri en áætlun verkefnisstjórnar gerði ráð fyrir á sínum tíma. Meginskýringin er að kostnaður við sameininguna hefur orðið meiri en áætlað var og hluti af þeim gjöldum er vegna stofnkostnaðar. Tekjur hafa samt einnig vaxið umfram áætlun.

Að sögn fjármálastjóra er nú búið að rýna í alla kostnaðarliði og koma öllum tölum á rétta staði þannig að bókhaldið á í framhaldinu að geta skilað raunhæfum tölum. Nokkrir stjórnarmenn óskuðu eftir að fá rök endurskoðanda fyrir því að aðgreina ekki sérstaklega framlög ríkisins til menningarmála sem eru fé til úthlutunar líkt og vaxtarsamningsframlög þar sem talað hefði verið um mikilvægi þess að halda því aðskildu.

Fjármálastjóri mun senda stjórn drög að ársreikningi til stjórnarmanna þegar þau liggja fyrir frá endurskoðanda og hafa verið rýnd af framkvæmdastjóra.

4. Skýrsla framkvæmdastjóra – staða mála, samningar, fundir o.fl.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu ýmissa mála. Töluvert hefur verið um innri vinnu síðustu vikunnar, s.s. gerð handbókar um upplýsingaflæði og samskiptakerfi innan stofnunarinnar, hvernig ráðningarsamningar eru gerðir og starfslýsingar.

Menningarfulltrúi hefur verið í veikindafrii en er að koma aftur til starfa. Auglýst hefur verið eftir verkefnastjóra í nýsköpun- og þróun og margar frambærilegar umsóknir í 28 umsókna bunka. Einnig er verið að ganga frá ráðningu vegna starfsmanns á Djúpavogi. Þá er nýbúið að auglýsa eina stöðu í símenntun og komin góð viðbrögð við henni.

Samstarfssamningur við Nýsköpunarmiðstöð er á lokastigum. Rætt hefur verið við ýmsa aðila vegna sjávarfangs- og álverkefnisins. Þá fór framkvæmdastjóri í síðustu viku með hópi á vegum Íslandsstofu til Aberdeen til að kynna sér þjónustu við olíurannsóknir og vinnslu. Hann greindi frá ferðinni og í kjölfarið sköpuðust umræður um stöðu Austurlands varðandi olíuleitina og framtíðina. Í þeim umræðum kom m.a. fram að mikilvægt væri að Austurbrú héldi á lofti langtímahugsun og því að reynslan af stóriðju- og virkjunarframkvæmdum yrði nýtt til hins ítrasta við hvers kyns áætlanagerð eða stefnumörkun í þessu stóra verkefni.

Sverrir yfirgaf fundinn kl. 17.05.

Sauk

R.Ö. S.S. A.S. PET

5. Aðkoma Austurbrúar að Húsi handanna (Upplýsingamiðstöð/Þorpið)

Skúli Björn og Arnbjörg gerðu grein fyrir þeirri vinnu sem farið hefur fram hjá starfshópnum sem skipaður var á síðasta stjórnarfundum. Þau hafa fundað með starfsfólki og hlutaðeigandi aðilum og eru komin nokkuð langt með tillögugerð í nokkrum liðum sem þau kynntu lauslega. Starfshópurinn mun skila af sér á næsta stjórnarfundum með fastmótuðum tillögum og greinargerð.

6. Ársfundur Byggðastofnunar, Menningarlandið 2013, Breiðdalssetur o.fl

Formaður gerði grein fyrir ársfundum Byggðastofnunar sem hann sótti ásamt framkvæmdastjóra. Hann sagði einnig stuttlega frá Menningarlandinu en á báðum þessum samkomum var farið lofssamlegum orðum um Austurbrú og forystu Austfirðinga í slíku samstarfi. Einnig sagði hann frá aðalfundi Breiðdalsseturs en þar var kosið í stjórn og tilnefndi Austurbrú Arnbjörgu sem aðalman og Skúla Björn til vara. Arnbjörg er því nýr stjórnarformaður Breiðdalsseturs en fjárframlög ríkisins sem upphaflega komu gegnum Norðausturnefndina til setursins eiga nú að renna gegnum Austurbrú.

Þórunn og Skúli Björn fóru ásamt Valdimar og Ólafi Áka á Menningarlandið auk Björns Ingimarssonar formanns Menningarráðs. Skúli Björn flutti þar erindi í stað Signýjar og kynnti Austurbrú og þær áherslur sem Austfirðingar hafa lagt allt frá upphafi og kristallast í hugmyndafræðinni að baki Austurbrú. Þórunn og Skúli Björn sögðu frá sinni upplifun á ráðstefnunni. Þórunn nefndi sérstaklega erindi Kolbrúnar Halldórsdóttur sem skýrði hvernig norræna menningarsamstarfið var stokkað upp fyrir nokkrum árum og hvernig fagnefndirnar sem úthluta eru samsettar. Voru stjórnarmenn sammála um að það fyrirkomulag ætti að skoða við regluverk um samsetningu „nýs menningarráðs“ og að Austfirðingar yrðu að halda áfram að vera leiðandi afl í menningarsamstarfi.

7. Ársfundur Austurbrúar

Samþykkt að halda ársfundinn fimmtudaginn 23. maí og rætt um Seyðisfjörð sem fundarstað. Karl mun kalla eftir hugmyndum frá fulltrúum um tema og yfirskrift fyrir ársfundinn og fengni verða fyrirlesarar í samræmi við það. Stjórn mun einnig kasta inn í pottinn sínum hugmyndum á næstu dögum. En meginmarkmiðið er að halda metnaðarfullan ársfund sem vekji athygli á Austurbrú, sýni hvar stofnunin stendur í dag og hvert hún stefnir. Formaður mun ræða við starfsháttanefnd um að hefja störf hið fyrsta til að gera sínar tillögur klárar fyrir ársfundinn.

8. Önnur mál


- Næsti stjórnarfundur. Næsti stjórnarfundur ákveðinn mánudaginn 6. maí.
- Upplýsingar og kynning á Austurbrú. Rætt um mikilvægi þess að framkvæmdastjóri verði sýnilegur á aðalfundum hagsmunasamtaka og hjá sveitarfélögum nú á vordögum til að vekja athygli á Austurbrú.

Handwritten notes and signatures in blue and red ink, including the name "Sulli" and initials "RÖ", "A.S.", and "P.E.".


- c) Nefndir og stjórnir. Skúli Björn minnti á að taka þyrfti saman hjá Austurbrú yfirlit um stjórnir, nefndir og verkefni sem Austurbrú tilnefndir eða skipar fulltrúa í. Margar þeirra stofnana sem sameinaðar voru hefðu átt fulltrúa víða og þetta þyrfti að lista upp á einum stað og greina á milli hvort það væri á ábyrgð framkvæmdastjóra eða stjórnar að tilnefna einstaklinga í þessar stöður.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið 18.45.

Skúli Björn ritaði fundargerð


Sverrir Mar Albertsson


Sigrún Blöndal


Ambjörg Sveinsdóttir


Valdimar O. Hermannsson


Rögnvaldur Ólafsson


Þórunn Eymundardóttir